

Nr. 3/1883

Jón Ólafsson
 gegn
 Ólafi Norðfjörð.

Dómur:

Mál þetta var í hjeraði höfðað af áfrýjandanum, Jóni Ólafssyni í Reykjavík, gegn Ólafi verzlunarstjóra Norðfjörð í Keflavík, og flutt fyrir gestarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu, en tilefni þess var, að áfrýjandi þóttist eiga tilkall til tómtúss eins, nefnt „Steinar“, er hann taldi byggt á eign sinni Bakkakoti í Rosmhvalaneshreppi, og vildi fá það dæmt sína eign m. m. Var dómur kveðinn upp í málinu fyrir nefndum gestarjetti 16. ágústmán. f. á., og hinn stefndi dæmdur sýkn af kærnum og kröfum áfrýjanda, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 22. janúarmán. þ. á., og krafizt, að undirrettardómurinn verði dæmdur ómerkur og hinn stefndi skyldaður til að greiða honum allan málskostnað með 100 krónum eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Hinsvegar hefur hinn stefndi krafizt fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá rjettinum, en til vara, að hann verði dæmdur sýkn af kærnum og kröfum áfrýjandans í þessu máli, og að áfrýjandinn verði skyldaður til að greiða honum hæfilegan málskostnað eptir mati yfirdómsins.

Það sem málspartana greinir á um í þessu máli er, á hvors (þeirra) lóð tómtúsið „Steinar“ standi. Áfrýjandi segir það byggt á lóð Bakkakots, hjáleigu frá Stórhólmi í Rosmhvalaneshreppi, er hann

eigi, en hinn stefndi staðhæfir, að það sje byggt innan merkja Rófu, er sje hjáleiga frá sama höfuðbóli, og sem hann eigi.— Mál þetta er því eptir eðli sínu landaþrætumál, sem samkvæmt N. L. 1—7—1 ber að dæma með meðdómsmönnum; en með því að undirdómarinn ekki hefur gætt þessa, heldur dæmt málið einn, þá ber að taka kröfu áfrýjandans um ómerkingu gestarjettardómsins til greina.

Málkostnaður fyrir báðum rjettum virðist eiga að falla niður:

Því dæmist rjett að vera:

Gestarjettardómurinn í máli þessu á ómerk-
ur að vera.— Málkostnaður fyrir báðum rjett-
um falli niður.

Mánudaginn 21. maímán.

Nr. 18/1883

Hið opinbera

gegn

Jóhannesi Guðmundssyni.

Dómur:

Með eigin játningu hins kærða og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar í málinu, er það löglega sannað, að hinn kærði, Jóhannes Guðmundsson, húsmáður á Ísafirði, hafi róið á hákall á sexæringi 6. desembermán. f. á.; hafi hann fyrst lagzt í legu út af Bolungarvík, en engan hákarl fengið þar, síðan hafi hann farið lengra til hafs á mið, sem kallað er „í auga“ eða „Kví“, og þar hafi hann fengið 20 til 30 hákarla, en haft aðeins 5 eða 6 af þeim með sjer í land, en skorið hina niður. Nefnt